

Yfirlýsing frá RÚV vegna kosningar á Úrslitakvöldi Söngvakeppninnar 2024

RÚV hafa borist ábendingar um atriði sem varða framkvæmd kosningar á úrslitakvöldi Söngvakeppninnar. Lúta þær að sms-kosningu í gegnum smáforritið RÚV stjórnur, flokkun símtala og smáskilaboða sem „ruslnúmera“ í tilteknum sínum og gjaldfærslu fyrir greidd atkvæði.

Í smáforritinu/appinu RÚV stjórnur er hægt að greiða atkvæði sem eru gjaldfærð á greiðslukort greiðenda en ekki í gegnum kerfi símafélaganna. Þetta er meginvirkni appsins og ástæða þess að RÚV notar viðkomandi app. Með því gefst þeim sem ekki eru með áskrift hjá símafélögunum tækifæri til að kjósa. Ekkert hefur komið fram annað en að þessi kosning hafi gengið fullkomlega eðlilega fyrir sig.

Í appinu er einnig hægt að smella á símanúmer keppenda og kjósa þannig með hefðbundnum hætti í gegnum kerfi símafélaganna. Það er þessi hluti kosningarinnar í appinu sem umræðan hefur snúist um. Framleiðendur kosningaappsins hafa rannsakað málið og sent okkur sínar niðurstöður. Þeir hafa tjáð okkur að í seinni umferð kosninganna, hinu svokallaða einvígi, hafi þeir fundið handvirka innsláttarvillu með sms-númerum beggja keppenda sem notuð voru þegar senda átti sms úr appinu yfir í kerfi símafélaganna. Þetta varð til þess að hvorugt laganna fékk þau sms-atkvæði sem því voru ætluð úr appinu. Framleiðendurnir rýndu í öll kosningagögnin og segja að þetta hafi haft áhrif á mjög fáa notendur og engin áhrif á lokaniðurstöðuna, þar sem atkvæðin voru svo fá. Þeir harma að þetta hafi gerst og hafa beðist velvirðingar á því.

Þess má geta að atkvæði greidd með sms eru mjög lítil hluti atkvæða í einvíginu, innan við 2% af öllum greiddum atkvæðum. Þegar öll sms-atkvæði eru talin saman, hvort sem þau voru greidd með því að smella á tengil í appinu eða með því að senda beint með hefðbundnum hætti, sést að það hefði engu breytt um lokaniðurstöðuna þótt öll sms-atkvæði sem sigurlagið fékk í einvíginu hefðu farið til þess lags sem lenti í 2. sæti.

RÚV harmar að þetta hafi gerst og mun leita allra leiða til að sjá til þess að slíkt gerist ekki aftur. Það er ákaflega mikilvægt að kosningin í Söngvakeppninni sé hafin yfir allan vafa og mun RÚV gera ráðstafanir til að svo verði í næstu keppni.

Þessi hvítleiðu mistök höfðu áhrif á báða þátttakendur í einvíginu, en engin áhrif á úrslit keppninnar eins og rakið er hér að framan og því standa úrslitin eins og þau voru tilkynnt sl. laugardagskvöld.

Til nánari glöggvunar eru hér niðurstöður seinni símakosningar á milli laganna tveggja:

Hera Björk – Scared of Heights; atkvæðafjöldi innhringinga: 57.994, fjöldi SMS-atkvæða: 1.109.

Bashar Murad – Wild West; atkvæðafjöldi innhringinga: 33.267, fjöldi SMS-atkvæða: 1.005.

Ábendingar bárust um að ákveðin kosninganúmer hefðu verið greind sem „ruslnúmer“ (e. spam). RÚV óskaði eftir að Vodafone, sem sá um hefðbundna sms- og innhringikosningu kvöldsins, kannaði það. Vodafone hefur greint RÚV frá því að í ákveðnum tegundum símtækja, sé hægt að virkja eða afvirkja þjónustu sem merkir ákveðin símanúmer sem „ruslnúmer“. Er þetta notað til að verjast hringingum úr svokölluðum spam-númerum. Það hefur ekkert með þjónustu símafyrirtækjanna að gera heldur liggur ábyrgðin hjá framleiðendum símtækjanna og notendunum sjálfum. Það er þó ekki augljóst að þessi valmöguleiki komi í veg fyrir að viðkomandi notandi geti hringt í umrætt númer.

Vodafone kannaði málið einnig hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum og segir að allar gáttir á milli Vodafone, Nova og Símans hafi virkað í kosningunni. Þar kemur fram að öll sms og allar hringingar hafi skilað sér rétt og myndað gjaldfærslur hjá fjarskiptafélögum. Stundum getur tekið nokkra daga

að skrá þær gjaldfærsluupplýsingar svo þær verði sýnilegar notendum. Öll fjarskiptafélögin hafi prófað öll kosningarúmerin með sms og hringingum. Þess ber að geta að RÚV kemur ekki nálægt gjaldfærslu fjarskiptafélaganna. Um hana sjá fjarskiptafélögin sjálf.

Aðstandendur lagsins sem lenti í öðru sæti á laugardaginn hafa farið fram á óháða rannsókn á framkvæmd kosningarinnar. RÚV hefur, í samráði við framkvæmdaaðila kosningarinnar (Vodafone og Choicely), boðið þeim að vera í beinu sambandi við þessa aðila til að fara í gegnum öll gögn. RÚV leggur, nú sem fyrr, ríka áherslu á gegnsæi og að allar upplýsingar sem lúta að kosningunni séu opinberar.

Til að varpa enn frekara ljósi á framkvæmd og niðurstöðu kosninganna er hér birtur fjöldi atkvæða á úrslitakvöldinu.

Úrslit 2. mars

Úrslitakeppni Söngvakeppninnar er tvískipt. Í fyrri hlutanum vega atkvæði sjö manna dómnefndar helming á móti atkvæðagreiðslu almennings í gegnum síma eða app. Tvö stigahæstu lögin komast áfram í einvígi og eru flutt aftur. Þá hefst seinni hlutinn með annarri kosningu almennings auk þess sem atkvæði dómnefndar og almennings úr fyrri kosningunni fylgja báðum lögunum í einvígið.

Niðurstaða fyrri kosningar almennings í úrslitum 2. mars

1. Bashar Murad – Wild West: 26.359 atkvæði
2. VÆB – Bíómynd: 15.727 atkvæði
3. Hera Björk – Scared of Heights: 15.406 atkvæði
4. Sigga Ózk – Into The Atmosphere: 14.595 atkvæði
5. ANITA – Downfall: 10.124 atkvæði

Sjö manna dómnefnd hafði 50% vægi á móti atkvæðum almennings í fyrri kosningunni.

Niðurstaða dómnefndar í úrslitum 2. mars

1. Bashar Murad – Wild West: 21.304 atkvæði
2. Hera Björk – Scared of Heights: 16.661 atkvæði
3. Sigga Ózk – Into the Atmosphere: 16.114 atkvæði
4. ANITA – Downfall: 14.476 atkvæði
5. VÆB – Bíómynd: 13.656 atkvæði

Heildarúrslit fyrri kosningar (kosning almennings og atkvæði dómnefndar samanlögð) 2. mars

1. Bashar – Wild West: 47.663 atkvæði
2. Hera Björk – Scared of Heights: 32.067 atkvæði
3. Sigga Ózk – Into the Atmosphere: 30.709 atkvæði
4. VÆB – Bíómynd: 29.383 atkvæði
5. ANITA – Downfall: 24.600 atkvæði

Tvö stigahæstu lögin komust í hið svokallaða einvígi og hófst þá seinni atkvæðagreiðsla kvöldsins.

Úrslit seinni kosningar (einvígis) almennings 2. mars

1. Hera Björk – Scared of Heights: 68.768 atkvæði

2. Bashar Murad – Wild West: 49.832 atkvæði

Lagið Scared of Heights vann því einvígið með 18.936 atkvæðum þegar aðeins almenningur kaus á milli laganna tveggja. Þá var atkvæðum fyrri kosningar, frá almenningi og dómnefnd, bætt við atkvæðin sem lögin fengu í einvíginu og fengin út lokaúrslit á milli laganna tveggja.

Lokaúrslit Söngvakeppninnar 2. mars

1. Hera Björk – Scared of Heights: 100.835 atkvæði
2. Bashar Murad – Wild West: 97.495 atkvæði

Lagið Scared of Heights vann því keppnina með 3.340 atkvæðum.

Atkvæði dómara

Hér má sjá hvernig hver dómari kaus. Dómarar voru beðnir að raða lögnum í röð eftir gæðum að eigin mati.

Dómari 1:

1. Bashar Murad – Wild West
2. Sigga Ózk – Into the Atmosphere
3. ANITA – Downfall
4. Hera Björk – Scared of Heights
5. VÆB – Bíómynd

Dómari 2:

1. Sigga Ózk – Into the Atmosphere
2. Bashar Murad – Wild West
3. Hera Björk – Scared of Heights
4. VÆB – Bíómynd
5. ANITA – Downfall

Dómari 3:

1. Bashar Murad – Wild West
2. ANITA – Downfall
3. Hera Björk – Scared of heights
4. Sigga Ózk – Into the atmosphere
5. VÆB – Bíómynd

Dómari 4:

1. Bashar Murad – Wild West
2. ANITA – Downfall
3. Sigga Ózk – Into the Atmosphere
4. VÆB – Bíómynd
5. Hera Björk – Scared of Heights

Dómari 5:

1. Hera Björk – Scared of heights
2. Bashar Murad – Wild west
3. VÆB – Bíómynd
4. Sigga Ózk – Into the atmosphere
5. ANITA – Downfall

Dómari 6:

1. Bashar Murad – Wild West
2. VÆB - Bíómynd
3. Hera Björk – Scared of heights
4. Sigga Ózk – Into The Atmosphere
5. ANITA – Downfall

Dómari 7.

1. Hera Björk – Scared of heights
2. Bashar Murad – Wild West
3. Sigga Ózk – Into The Atmosphere
4. ANITA – Downfall
5. VÆB – Bíómynd

Virðingarfyllt,

Rúnar Freyr Gíslason, framkvæmdastjóri Söngvakeppninnar 2024.